

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 12.02.2026

Erindi: Afstaða Vesturbyggðar til lagnaleiða og fleiri framkvæmdaatriða

Hér með óskar Orkubú Vestfjarða (OV) eftir afstöðu sveitarfélagsins til fyrirhugaðrar lagnaleiðar fyrir stofnlagnir hitaveitu. Um er að ræða annars vegar safnæð frá borholu undir Geirsmúla að nýrri kyndistöð við Aðalstræti 112 og hins vegar lagnir þaðan, ásamt háspennustrengjum, út Strandgötu og niður á eyrina til þess að endurtengja dreifikerfi hitaveitu og háspennukerfis þegar núverandi kyndistöð verður aflögð.

Framkvæmdin nær yfir mest alla Strandgötu að gatnamótum Bjarkargötu og Urðargötu og hluta af Sigtúni. Grófar lagnaleiðir eru sýndar m.f. teikningu nr. M22.002 1 dagsett 12.02.2026.

Sömuleiðis óskar OV eftir að Vesturbyggð taki afstöðu til þess hvort hentað geti að nýta þessa skurði sem hvort sem er verða grafnir fyrir lagnir vatnsveitu og/eða fráveitu sveitarfélagsins. Þegar slík afstaða liggur fyrir geta hönnuðir haft nauðsynlegar upplýsingar til að gera tillögur að staðsetningu skurðar í þversniði vega.

Einnig þarf að taka tillit til lausna vegna þverana á Mikladalsár sem og ræsum Litladalsár og Stekkagils við Strandgötu.

Þegar hönnunargögn liggja fyrir, þá mun OV sækja formlega um framkvæmdaleyfi.

Að lokum vill OV vekja athygli á því að verktíminn verður í sumar og í haust. Í ljósi þessa er óskað eftir því að áformuð malbikun Strandgötu verði frestað um eitt ár, með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir tvíverknað og rask á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkubús Vestfjarða ohf.

Sölvi R. Sólbergsson
Framkvæmdarstjóri Orkusviðs

